

✉ FW: Fundur heilbrigðisráðherra í Reykjanesbæ 19. ágúst næstkomandi

Búið til	12.8.2019 09:44:37
Höfundur	Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir
Móttekið dags.	9.8.2019 14:43:14
Tilheyrir	📁 2019080207 - Heilbrigðisstefna til ársins 2030

Efni

FW: Fundur heilbrigðisráðherra í Reykjanesbæ 19. ágúst næstkomandi

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	9.8.2019 14:43:14	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	10.05 Önnur heilbrigðismál		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Reykjanesbær RNB (reykjanesbaer@reykjanesbaer.is)
Til	skjaladeild@reykjanesbaer.is

Innihald

From: Margrét Sigurðardóttir <margret.sigurdardottir@hm.is>
Sent: föstudagur, 9. ágúst 2019 14:10
To: Reykjanesbær RNB <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; grindavik@grindavik.is; skrifstofa@vogar.is; sandgerdi@sandgerdi.is
Subject: Fundur heilbrigðisráðherra í Reykjanesbæ 19. ágúst næstkomandi

Boð á kynningarfund um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 í heilbrigðisumdæmi Suðurnesja 19. ágúst næstkomandi.

Ágæti sveitarstjórnarfulltrúi.

[Heilbrigðisstefna – stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030](#) var samþykkt á Alþingi 3. júní síðastliðinn. Þetta eru mikilvæg tímamót fyrir h eilbrigðisþjónustuna í landinu.

Heilbrigðisráðherra leggur áherslu á að kynna heilbrigðisstefnuna í öllum heilbrigðisumdæmum landsins. Þegar hafa verið haldnir tveir slíkir fundir í heilbrigðisumdæmum Norðurlands og Vestfjarða, þann 14. ágúst verður heilbrigðisstefnan kynnt í heilbrigðisumdæmi Suðurlands og 15. ágúst í heilbrigðisumdæmi Vesturlands.

Þann 19. ágúst næstkomandi stendur heilbrigðisráðherra fyrir opnum kynningarfundum um heilbrigðisstefnuna í heilbrigðisumdæmi Suðurnesja, í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Fundurinn verður haldinn í fundarsal heilbrigðisstofnunarinnar, Skólavegi 6 í Reykjanesbæ og stendur frá kl. 17.00 – 19.00.

Á fundinum verður fjallað um hvað felst í stefnunni, hvaða breytingar hún er líkleg til að hafa í för með sér og hvers vegna hún skiptir svo miklu máli, hvort heldur í þéttbýli eða í dreifðari byggðum landsins.

Dagskrá fundarins:

- **Svandís Svavarsdóttir** heilbrigðisráðherra – *Kynning á heilbrigðisstefnu*
- **Markús Ingólfur Eiríksson** forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja – *Sýn forstjóra*
- **Alma D. Möller** landlæknir – *Heilbrigðisstefna frá sjónarhóli landlæknis*
- **Pallborð:** Auk frummælenda tekur Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar þátt í pallborðsumræðum ásamt Elnu B. Fríðinnsdóttur eða Ásthildi Knútsdóttur, skrifstofustjóra úr heilbrigðisráðuneytinu.

Fundarstjóri er Magnús Stefánsson bæjarstjóri Suðurnesjabæjar

Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis.

Þess er góðfúslega óskað að meðfylgjandi póstur verði sendur öllum sveitarstjórnarmönnum og auglýsingin birt á vefsíðu sveitarfélaganna ef kostur er.

Með bréfi þessu er vakin athygli þín á fundinum með von um að þú sjáir þér fært að mæta.

Fyrir hönd ráðherra,

Margrét



Margrét Sigurðardóttir, ritari ráðuneytisstjóra / Personal Assistant to the Permanent Secretary
Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health



Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8700
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

